

L Ö G

um Iðnrekstrarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Starfrækja skal Iðnrekstrarsjóð til að styðja við umbótastarf í iðnaði í þeim tilgangi:

- að auka útflutning iðnaðarvarnings
- að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði
- að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði
- að auka framleiðni í samkeppnisiðnaði.

Stefnt skal að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í þessum efnum í samkeppnislöndum Íslendinga.

2. gr.

Iðnrekstrarsjóður er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi daglega afgreiðslu sjóðsins, samkv. sérstöku samningi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda, Iðnþróunarsjóðs, Landssambands iðnaðarmanna, Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverka-fólks og Sambands íslenskra samvinnufélaga, og tilnefnir hver aðili einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins, ræður nauðsynlegt starfslið og ráðstafar fjármagni hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs, eins og það verður við gildistöku þessara laga.
2. Framlag ríkissjóðs samkv. fjárlögum 1980.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

- a) Framlag ríkissjóðs, er miðist að lágmarki við 0.6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarið ár, samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, í fyrsta sinn árið 1982, og síðan árlega til og með árinu 1985, en verði þá endurmetið með hliðsjón af þörfum.
- b) Önnur bein framlög til sjóðsins.
- c) Vaxtatekjur.
- d) Afborganir af veittum lánum.
- e) Lántökur.
- f) Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

6. gr.

Hlutverk sitt samkv. 1. grein skal sjóðurinn rækja m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Styrkjum og framlögum sem fyrst og fremst verði beitt á sviði útflutnings- og markaðsstarfsemi, en einnig til þróunarverkefna, sem geta haft mikilvæg áhrif á almenna eflingu iðnaðar, ekki síst til framleiðniaukningar.
2. Áhættulánunum, sem fyrst og fremst verði notuð til stuðnings vöruþróunar, hönnunar og ýmissa annarra nýsköpunarverkefna. Heimilt er að hafa áhættulán afborgunarlaus um tíma og jafnframt að afskrifa lánin, heppnist verkefnið ekki.
3. Ábyrgðum gagnvart viðskiptaböndum og fjárfestingalánasjóðum.
4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra hlutafélaga.
5. Viðbótarlánunum vegna fjárfestinga. Lán þessi geta jafnframt verið áhættulán.

Í því sambandi skal höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku hans hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Heimilt er að styrkja eða lána samtökum og stofnunum iðnaðarins vegna einstakra verkefna, sem samrýmast tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður lánskjör hans og vexti að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er, með samþykki iðnaðarráðherra, heimilt að taka lán fyrir hönd sjóðsins. Heimilt er að veita styrki eða framlög sem nema allt að $\frac{1}{3}$ af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins, að undanskildum lántökum. Heildarupphæð ábyrgða sjóðsins, skv. 6. gr. 3. tl. má á hverjum tíma nema hæst 60% af eiginfé sjóðsins.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnrekstrarsjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Sjóðstjórn er skylt að birta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun ársreikninga.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um reikningshald, svo og ráðningar og stöðu starfsmanna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 frá 1973 um Iðnrekstrarsjóð.

Gjört að Bessastöðum 6. júní 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.